

Alþingi, nefndasvið
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Þórshamri v/ Kirkjustræti

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P** 142/174
komudagur 15.8.2013

Mosfellsbæ, 31.07.2013
nr. erindis 201306306/- uvi

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra nr. 100/2007, Þingskjal 40 - 25. mál.

Frumvarpið barst Mosfellsbæ til umsagnar með tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis 26. júní s.l. Frestur til athugasemda var veittur til 1. júlí. 1128. fundur bæjarráð Mosfellsbæjar 4. júlí 2013 vísaði máinu til umsagnar og afgreiðslu framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs.

Eftirfarandi eru athugasemdir undirritaðra við frumvarpið:


Í 1.gr. frumvarpsins er lagt til að fallið verði frá skerðingu ellilífeyris vegna tekna lífeyrisþega sem tók gildi 1. júlí 2009 með lögum nr. 70/12009, sem felur í sér að frítekjumark elli- og örorkulífeyrisþegar verður hið sama. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur fram að kostnaður ríkissjóðs vegna breytingarinnar nemi 850. m.kr. á ári sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarráðuneytisins. Þar kemur einnig fram að verði frumvarpið að lögum mun hækkun lífeyrisgreiðslna verða mest hjá hinum tekjuhærri og körlum.

Taka má undir sjónarmið um hækkun frítekjumarks lífeyrisþega sem lið í félagslegri virkni. Í ljósi þess að breytingin felur í sér ákveðna mismunun hópa eftir tekjum og kyni er það mat undirritaðrar að brýnt sé að fram fari heildarendurskoðun á lögum um lífeyrstryggingar almannatrygginga og félagslegan stuðning sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi (636 mál).

Tekið er undir sjónarmið í umsögn Barnaverndarstofu vegna ákvæðis 65.gr. þar sem fjallað er um umönnunargreiðslur vegna barna um að eðlilegt sé að greiðslurnar fylgi barninu í tilvikum þar sem því er ráðstafað í fóstur.

Beðist er velvirðingar á því tímamörk umsagnar voru ekki virt sem helgast af mjög stuttum fresti til að skila inn umsögn og sumarleyfi undirritaðrar.

Virðingarfyllst,


Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

